




SULTARTANGASTÖÐ Í SKEIÐA- OG GNÚVERJAHREPPI, ÁSAHREPPI OG RANGÁRÞINGI YTRA

Skipulagslýsing vegna deiliskipulags

25.09.2019



EFNISYFIRLIT


1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	7
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.1.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022	7
2.1.3	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	8
2.1.4	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	8
2.1.5	Deiliskipulag	9
2.1.6	Þjóðlenda	9
2.1.7	Minjar	10
3	UMHVERFISÁHRIF	11
3.1	Matsskylda	11
3.2	Umhverfisþættir og áherslur	11
4	DEILISKIPULAG	12
4.1	Markmið	12
4.2	Mannvirki	12
4.3	Samgöngur	12
4.4	Minjar og verndarsvæði	12
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	13
5.1	Samráð	13
5.2	Skipulagsferli	13

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags fyrir Sultartangastöð. Stöðin og mannvirki hennar eru í þremur sveitarfélögum: Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Rangárþingi ytra og Ásahreppi.

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við gr. 5.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið er unnið fyrir framkvæmdaraðila sem er Landsvirkjun, með heimild sveitarfélaganna þriggja, í samræmi við 38. gr. skipulagslaga. Ráðgjafi við skipulagsvinnuna er EFLA verkfræðistofa. Deiliskipulagið snýst í meginráttum um að staðfesta núverandi landnotkun.



MYND 1. Skipulagssvæðið verður innan rauða flákans. Svæðið verður afmarkað nákvæmlega í deiliskipulagi.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

2 FORSENDUR

Deiliskipulagið tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Stöðin var tekin í notkun árið 1999 og nýtir vatn Tungnaár og Þjórsár sem sameinast í Sultartangalóni, sem er miðlunarlón stöðvarinnar.

Sultartangalón var myndað með 6,1 km langri stíflu skammt ofan ármóta Þjórsár og Tungnaár. Mesta hæð stíflunnar er 22 m. Úr Sultartangalóni er vatni veitt um 3,4 km löng aðrennslisgöng í gegnum Sandafell, að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálpípur að hverflum í stöðvarhúsinu. Frá Sultartangastöð liggur um sjö km langur frárennslisskurður sem veitir vatninu aftur í farveg Þjórsár, skammt fyrir ofan Ísakot. Yfirfall Sultartangalóns er austast í stíflunni og fer í farveg Tungnaár. Núverandi virkjunarleyfi er fyrir virkjun með uppsettu afli 125 MW. Landsvirkjun vinnur að umsókn um breytingu á virkjunarleyfi til Orkustofnunar þannig að virkjunarleyfið verði fyrir uppsett afl allt að 133 MW. Umsóknin byggir á úrskurði Skipulagsstofnunar frá apríl 2019 um að aflaukning Sultartangastöðvar um allt að 8 MW væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



MYND 2. Stöðvarhús Sultartangastöðvar. (Mynd: Landsvirkjun).

Tengivirki Landsnets er vestan stöðvarhússins. Þangað liggja nokkrar háspennulínur frá Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðvum. Frá tengivirkinu liggja háspennulínur í Búrfellsstöð og tengivirki við Brennimeil.

Aðkoma að Sultartangastöð er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg af honum.

Nokkur gróður er umhverfis Sultartangastöð enda hefur verið unnið að uppgræðslu þar um árabíl. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru helstu vistlendi; mólendi, mólendi, melar og sandlendi og hraunlendi. Nokkrar vistgerðir með hátt verndargildi finnast í litlu mæli á svæðinu; tjarnarstararflóavist, víðikjarrvist og starungsmýravist.

Sultartangastöð er innan Hekluskóga. Hekluskógar er verkefni sem gengur út á að endurheimta birki-skóga og víðikjarr í nágrenni Heklu og minnka með því fok vikurs í kjölfar gjóskugosa. Með verkefninu eykst gróður og verður fjölbreyttari ásamt dýralífi. Vatnsheldni jarðvegs verður meiri og gróðurinn bindur kolefni. Búið er að planta trjám á svæðið milli Þjórsárdalsvegur og frárennisskurðar Sultartangastöðvar.



MYND 3. Stöðvarhús Sultartangastöðvar er neðst á miðri mynd. Þaðan liggur frárennisskurður samsíða Þjórsá. (Mynd: Landsvirkjun).

Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruvörðun sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, þá er Búrfellshraun (3200 ára) á stærstum hluta svæðisins. Í syðsta hluta Sultartangalóns og sunnan þess er svæði með gervígum.



MYND 4. Horft til ANA yfir Sultartangalón og stíflu sem myndar það. Neðst á miðri mynd er botnrás og farvegur Þjórsár. (Mynd: Landsvirkjun).

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum.


2.1.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022

Í aðalskipulagi Ásahrepps er skipulagssvæðið skilgreint sem miðlunarlón og stífla og óbyggt svæði.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir Sultartangastöð, Sultartangalóni og stíflu, og segir að mannvirki hafi þegar verið byggð.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið:

- Stuðlað verði að skynsamlegri orkunýtingu.
- Virkjanir séu í sátt við náttúruna.



MYND 5. Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.


2.1.3 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í aðalskipulaginu er svæðið sem deiliskipulagið nær yfir skilgreint sem iðnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir yfirfalli, stíflu og leiðigörðum ásamt Sultartangalóni. Einnig háspennulínur sem liggja frá Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðvum að Sultartangastöð.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið:

- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins, sérstaklega á þeim svæðum sem hafa mikið náttúrufarsgildi.




MYND 6. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.

2.1.4 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029


Aðalskipulagið er í staðfestingarferli. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir virkjun, lokumannvirki, aðrennslisgöngum, Sultartangalóni, frárennslisgöngum og tengivirki. Einnig háspennulínur að og frá stöðinni. Þá er gert ráð fyrir lítilsháttar tilfærslu á Þjórsárdalsvegi, sunnan við Sultartangastöð. Sandafell og svæðið umhverfis Sultartangastöð er skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið:

- Áfram verði stunduð orkuvinnsla í sveitarfélaginu í sátt við umhverfið og án þess að ganga á svæði með verndargildi.
- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.



MYND 7. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Byggðin t.v. og afréttur t.h.



2.1.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Í gildi er deiliskipulag fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslínu 1, staðfest í B-deild í júní 2012. Ekki er gert ráð fyrir að deiliskipulag fyrir Sultartangastöð hafi áhrif á það.


2.1.6 Þjóðlenda

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendlög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfenað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign

fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Mannvirki Sultartangastöðvar eru innan fjögurra þjóðlendna: Búrfells- og Skeljafelssvæðis, Gnúpverja- afréttar, Holtamannaafréttar og Landmannaafréttar.



MYND 8. Hluti af yfirlitskorti yfir þjóðlendur (október 2018) samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

2.1.7 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi. Aðalskráning er langt komin í Rangárþingi ytra en engin skráning hefur farið fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Nokkrar þekktar minjar eru innan eða í námunda við skipulagssvæðið. Gömul vörðuð leið um Sprengisand liggur skammt vestan Sultartangalóns, vörður eru á sitt hvorum bakka Tangavaðs á Tungnaá og hlaðnar réttir og bátaskýli eru við ferjustaðinn Hald á Tungnaá. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir þekktum minjum.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

3 UMHVERFISÁHRIF

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfur svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

3.1 Matsskylda

Bygging orkuvera með 10 MW uppsett rafafli eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum skv. viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Með gerð deiliskipulagsins er verið að staðfesta núverandi landnotkun, ekki er gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum.

3.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um verndun og viðhald núverandi mannvirkja og það borið saman við núll kost sem er að engir skilmálar gilda um viðhald mannvirkja.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnulíf?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á minjar eða verndarsvæði? Hefur skipulagið áhrif á verndun og viðhald mannvirkja?	Stefna í aðalskipulagi. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

4 DEILISKIPULAG

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. „Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“ skv. gr. 5.1.3.

4.1 Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun.

Markmið Landsvirkjunar með gerð deiliskipulags fyrir Sultartangastöð er að:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir stöðina.
- Skilgreina aðskildar lóðir fyrir starfsemi Landsvirkjunar og Landsnets á svæðinu.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi að svæðinu.

Gerð verður grein fyrir innviðum og háspennulínunum.

4.2 Mannvirki

Gerð verður grein fyrir núverandi mannvirkjum og ákvarðaðar lóðir og skilgreind svæði vegna starfsemi Landsvirkjunar. Settir verða skilmálar fyrir viðhald eða breytingar á núverandi mannvirkjum.

4.3 Samgöngur

Samgöngur að og innan skipulagssvæðisins verða yfirfarnar. Gerð verður grein fyrir göngu- og reiðleiðum eftir því sem við á.

4.4 Minjar og verndarsvæði

Fornminjar voru skráðar í tengslum við framkvæmdamat fyrir Sultartangastöð. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir þekktum minjum og eftir atvikum sett verndarákvæði um þær.

Lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015, gera ráð fyrir að stuðlað verði að vernd og varðveislu bygginga sem hafa sögulegt gildi. Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð segir: „Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar“.

Unnin hefur verið mannvirkjaskráning (sambærileg við húsakönnun) fyrir virkjunina. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir niðurstöðu hennar og skoðað hvort ástæða er til að setja skilmála um byggingar til að stuðla að vernd og varðveislu þeirra á grunni skráningarinnar.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun deiliskipulagstíllögunnar.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa <http://www.utu.is/> og <https://www.ry.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu sveitarfélaganna. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landgræðslan
- Skógræktin

5.1 Samráð

Deiliskipulagstillagan verður unnin í samráði verkkaupa og sveitarfélaganna þriggja. Á vinnslutíma mun tillagan verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn. Samráð verður haft við Forsætisráðuneytið þar sem svæðið er innan þjóðlendu.

5.2 Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 40. – 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

MÁNUÐUR	LÝSING
Okt.	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefndum og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Nóv./des.	Deiliskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, tillagan kynnt almenningi og tillaga lögð fyrir sveitarstjórnir í kjölfarið.
Des./jan. 2020	Tillaga samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórnnum og sendar til umsagnaraðila. Tillaga auglýst og gefinn 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Jan./feb.	Tillaga afgreidd í sveitarstjórnnum, að undangenginni umræðu skipulagsnefnda, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til. Tillagan send Skipulagsstofnun.
Mars/apríl	Gildistaka deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.